

**IcelandSIF**  
Ársreikningur  
2021

Iceland SIF  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogi  
kt. 461217-1330

# IcelandSIF

## Ársreikningur

### 2021

#### **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda - Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9
Sundurliðanir	10

# Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

## Til stjórnar IcelandSIF

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2021 fyrir IcelandSIF byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.


## Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogi, 27. apríl 2022

## Deloitte ehf.

  
Signý Magnúsdóttir  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Endurskoðandi samtakanna er Deloitte ehf. en reikningurinn er ekki endurskoðaður eða kannaður. KPMG sér um bókhald samtakanna.

IcelandSIF eru félagasamtök þar sem tilgangurinn er að efla þekkingu fjárfesta á og auka umræðu um aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga.

Samtökunum er ætlað að vera óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um efnið.

Stjórn samtakanna skipa Kristbjörg M. Kristinsdóttir frá Stefni, sem er formaður stjórnar, Anna Þórdís Rafnsdóttir frá Kviku banka, sem er varaformaður stjórnar, Kristján Geir Pétursson frá Birtu lífeyrissjóði, sem er ritari stjórnar, Egill Tryggvason frá Verði Tryggingum, Reynir Smári Atlason frá Creditinfo, Helga Indriðadóttir frá Almenna lífeyrissjóðnum og Hildur Eiríksdóttir frá Íslandssjóðum.

Tveir vinnuhópar starfa á vegum stjórnarinnar, ábyrgar fjármálaafurðir og fræðslu- og upplýsingahópur. Frekari upplýsingar um vinnuhópa má nálgast á heimasíðu samtakana [www.icelandsif.is](http://www.icelandsif.is)

### Starfsemin á árinu

Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	5.635.992
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	17.058.959
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	14.646.017

Þrátt samkomutakmarkanir hafa samtökin náð að viðhalda fræðslu og umræðu á opinberum vettvangi um ábyrgar fjárfestingar. Skipulagning árlegs viðburðar NordicSIF, sem systursamtök IcelandSIF skiptast á að halda, snýst að þessu sinni um hafið og viðburðurinn verður haldinn í Hörpu 15. og 16. júní 2022. Helstu viðburðir sem haldnir voru á starfsárinu voru fjarfundir um óbein umhverfisáhrif fjármálafyrirtækja, fundur um blá skuldabréf, fundur um MSc ritgerðir á sviði ábyrgra fjárfestinga, fundur um sjálfbæran fjármögnunarramma ríkisins, fundur um íhlutun hluthafa vegna UFS og loks fundur um orkumál. Nokkuð hefur verið um greinarskrif og þátttöku stjórnarmanna í kennslu, viðburðum og fræðslu á opinberum vettvangi. Þá tóku samtökin upp það nýnæmi að bjóða félagsmönnum þátttöku í rafrænum viðburðum systursamtaka á hinum norðurlöndunum við góðar undirtektir.

### Félagsaðilar

Samtökin voru stofnuð 13. nóvember 2017 með þátttöku 23 stofnaðila. Síðan þá hafa 13 aðilar bæst í hópinn og í árslok 2021 voru 36 aðilar að samtökunum. Hópin skipa lífeyrissjóðir, bankar, tryggingarfélög, rekstarfélög, eignastýringarfyrirtæki og aðrir aðilar.


# Skýrsla stjórnar

## Yfirlýsing stjórnar


Það er álit stjórnar IcelandSIF að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn IcelandSIF staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2022

**Í stjórn**

  
Kristbjörg M. Kristinsdóttir  
stjórnarformaður


  
Anna Þórdís Rafnsdóttir  
varaformaður stjórnar

  
Egill Tryggvason

  
Reynir Smári Atlason

  
Hildur Eiríksdóttir

  
Helga Indriáadóttir

  
Kristján Geir Pétursson

## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Félagsgjöld .....		8.475.000	7.494.967
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(2.830.896)	(4.739.517)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>5.644.104</u>	<u>2.755.450</u>
Fjármunatekjur .....		8.229	6.330
Fjármagnsgjöld .....		(16.341)	(12.066)
		<u>(8.112)</u>	<u>(5.736)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>5.635.992</u></u>	<u><u>2.749.714</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Kröfur vegna félagsgjalda / stofngjalda .....	2	0	150.000
Handbært fé .....	2	17.058.959	11.352.127
<b>Eignir</b>		<u>17.058.959</u>	<u>11.502.127</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		14.646.017	9.010.025
<b>Eigið fé</b>	3	<u>14.646.017</u>	<u>9.010.025</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	4	100.717	329.877
Aðrar skammtímaskuldir .....	4	2.312.225	2.162.225
		<u>2.412.942</u>	<u>2.492.102</u>
<b>Skuldir</b>		<u>2.412.942</u>	<u>2.492.102</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>17.058.959</u>	<u>11.502.127</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		5.644.104	2.755.450
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<u>5.644.104</u>	<u>2.755.450</u>
Rekstartengdar eignir, hækkun .....	2	150.000	(146.592)
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun .....	4	(79.160)	570.621
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<u>5.714.944</u>	<u>3.179.479</u>
Innborgaðir vextir og arður .....		8.229	6.330
Greiddir vextir .....		(16.341)	(12.066)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>5.706.832</u>	<u>3.173.743</u>
Hækkun handbærs fjár .....		5.706.832	3.173.743
Handbært fé í upphafi árs .....		11.352.127	8.178.384
Handbært fé í lok árs .....		<u><u>17.058.959</u></u>	<u><u>11.352.127</u></u>



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

## 2. Aðrar peningalegar eignir

### Kröfur vegna félagsgjalda / stofngjalda

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Kröfur vegna félagsgjalda .....	0	150.000
	<u>0</u>	<u>150.000</u>

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum .....	17.058.959	11.352.127
	<u>17.058.959</u>	<u>11.352.127</u>

## 3. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	<u>Eigið fé</u>
Eigið fé 1.1.2021 .....	9.010.025
Afkoma ársins .....	<u>5.635.992</u>
Eigið fé 31.12.2021 .....	<u>14.646.017</u>

# Skýringar

## 4. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Innlendar viðskiptaskuldir .....	100.717	329.877
	<u>100.717</u>	<u>329.877</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	2.312.225	2.162.225
	<u>2.312.225</u>	<u>2.162.225</u>

# Sundurliðanir

	<u>2021</u>	<u>2020</u>
<b>Rekstrartekjur</b>		
Félagsgjöld .....	8.475.000	7.494.967
	<u>8.475.000</u>	<u>7.494.967</u>
 <b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>		
Viðburðir .....	1.046.340	1.466.002
Rekstur tölvukerfis .....	449.962	193.982
Heimasíða .....	0	1.072.732
Endurskoðun og reikningskil .....	748.992	824.847
Aðkeypt þjónusta .....	0	706.241
Annar kostnaður .....	0	124.000
Þjónustugjöld .....	7.252	3.563
Markaðskostnaður .....	517.080	334.800
Funda- og viðskiptakostnaður .....	61.270	13.350
	<u>2.830.896</u>	<u>4.739.517</u>